

Orkuskóli í undirbúningi á Akureyri

Á Akureyri er nú verið að undirbúa alþjóðlegan orkuskóla í tengslum við Háskólann á Akureyri, sem hlotið hefur heitið RES eða The School for Renewable Energy Science.

Forystumenn [Háskólans á Akureyri](#) hafa á sama tíma verið að undirbúa uppbyggingu Vísindagarða, sem er annar áfangi Borga og hefur gengið undir nafninu Borgir II. Verkefnið hefur verið unnið í nafni Þekkingarvarða ehf, sem er stuðnings- og þróunaraðili skólans. Verkefni sem þessi eiga sér tætið langan aðdraganda. Það hófst með vinnu nefndar á vegum menntamálaráðherra um byggingu rannsókna og nýsköpunarhúss og lauk með opnum Borga árið 2004.

Í beinu framhaldi af því var hafist handa við forkönnun á þörf fyrir byggingu vísindagarða allt að 4000 m² byggingu sem nú er komin á teiknborðið og hafinn undirbúningur að.

Háskólinn á Akureyri fór þess á leit við menntamálaráðuneyti

í bréfi dagsettu 15. mars síðastliðinn að það samþykki aðild háskólans að einkahlutafélaginu Þekkingarverði. Tilgangur félagsins er að byggja upp þekkingarþorp við Háskólann á Akureyri, þar sem saman koma háskóla- og rannsóknarstofnanir ásamt þekkingarfyrirtækjum til að sinna öflun, miðlun og hagnýtingu þekkingar.

Gert er ráð fyrir að Þekkingarvörður muni eiga hlut í hlutafélaginu Orkuvörðum sem mun eiga og reka hinn alþjóðlegan orkuskóla. Áformað er að orkuskólinn RES geri þjónustusamning við Háskólann á Akureyri sem tekur til prófa, þjónustu og útskrift nemenda orkuskólans RES.

Á fundi með rektor og starfsfólki Háskólans á Akureyri þar, sem stefna skólans til næstu ára var kynnt, greindi Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra frá því að ráðuneytið hefði ákveðið að heimila HA að gerast hluthafi í Þekkingarverði.



Samningur um uppgröft við Hrísbú

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra átti fund með skólastjórnendum í [Mosfellsbæ](#) og stjórnendum fræðslu-, menningar og íþróttasviðs. Fundurinn, sem haldinn var fimmtudaginn 22. maí sl., fór fram í Listasal bæjarins. Þar var sagt frá ýmsum verkefnum á sviðum skóla-, íþrótt- og menningarmála sem nú er unnið að í sveitarfélaginu og síðan rætt um menntamál í nútíð og framtíð.

Í lok fundarins skrifuðu Þorgerður Katrín og Ragnheiður Ríkharðsdóttir bæjarstjóri undir [samning](#) um stuðning við fornleifauppgröft og rannsóknir við Hrísbú í Mosfellsdal árin 2007-2009 en stuðningur menntamálaráðuneytis við verkefnið mun nema 24 milljónum króna á þessum árum.

Þrjár greinarnámskrár komnar út

Í vefriti menntamálaráðuneytis [nr. 2, 2007](#) var vakin athygli á breytingum á almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla sem taka gildi 1.

ágúst 2007. Þar kom fram að á árinu yrðu einstakir námsgreinahlutar gefnir út á rafrænu formi í endurskoðaðri útgáfu.

Einungis eru gerðar lágmarksbreytingar á námskránum og taka þær mið af þróun skólastarfs undanfarin ár.

Nú hafa þrjár greinarnámskrár bæst við á rafrænu formi á [námskrárvef ráðuneytisins](#). Þetta eru:

- Aðalnámskrá grunnskóla: Hönnun og smíði
- Aðalnámskrá grunnskóla: Lífsleikni
- Aðalnámskrá grunnskóla: Upplýsinga- og tæknimennt.

Ráðstefna um málefni innflytjenda í framhaldsskólum

Ráðstefnan *Innflytjendur og framhaldsskólinn* var haldin í Kennaraháskóla Íslands 16. mars sl. og voru þátttakendur um 200. Auk þess var sjónvarpað frá ráðstefnunni á vef [KHÍ sjonvarp.khi.is](#). Þar er hægt að kynna sér það sem fram fór á ráðstefnunni og nálgast ýmis gögn. Dr. Bergþóra Kristjánsdóttir, lektor við CVU í Kaupmannahöfn var aðalfyrirlesari og bar fyrirlestur hennar yfirskriftina *Týndu börnin hennar Evu – Æskileg þróun í kennslu nemenda með íslensku sem annað tungumál í framhaldsskólum*. Á ráðstefnunni var leitast við að svara spurningum um hið fjölbreytta menningarumhverfi sem ríkir á Íslandi og með hvaða hætti framhaldsskólinn geti betur tekið á þessum málaflokki. Fram kom m.a. að stofnaður hefur verið sérstakur sjóður í menntamálaráðuneyti til að styrkja framhaldsskóla til nýjunga í kennslu nemenda með annað móðurmál en íslensku og til að veita þessum nemendum sérstakan stuðning. Ráðstefnan *Innflytjendur og framhaldsskólinn* var samstarfsverkefni menntamálaráðuneytis, Háskóla Íslands, Heimilis og skóla-landssamtaka foreldra, þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða, Alþjóðahúss,

Fjölmenningsseturs Vestfjarða, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Móðurmáli - Félags um móðurmálskennslu tviungdra barna, Félags framhaldsskólakennara og Félags náms- og starfsráðgjafa.



Nýr vefur Háskólans á Akureyri opnaður

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra opnaði nýjan vef Háskólans á Akureyri miðvikudaginn 21. mars. Vefurinn er forritaður af hugbúnaðarfyrirtækinu Stefnu á Akureyri í vefumsjónarkerfið Moya. Útlitshönnuður vefsins er Þormóður Aðalbjarnarson sem starfar hjá auglýsingastofnunni Stíl á Akureyri. Meðal nýjunga á vefnum er möguleiki til að skipta um bakgrunnslit á lesmáli. Þessi möguleiki er hugsaður fyrir lesblinda sem margir eiga í erfiðleikum með að lesa lengi af hvítum bakgrunni. Einnig er möguleiki á að setja inn lýsingu með myndum sem hljóðgervlar blindra geta lesið. Er þetta gert til að gera vefinn notendavænan fyrir blindra og sjónskerta. Slóðin að vefnum er [www.unak.is](#).

